

Ágætu íbúar og aðstandendur.

Í ljósi aukinna Covid smita í samfélaginu er því miður nauðsynlegt að stíga til baka og setja aftur á auknar heimsóknartakmarkanir á Hrafnistu. Þetta er gert í samræmi við leiðbeiningar sóttvarnarsviðs Embættis landlæknis og Almannavarnir.

Frá og með deginum í dag, miðvikudaginn 21. apríl, verða gerðar neðangreindar breytingar á heimsóknarreglum Hrafnistuheimilanna.

- **Tveir gestir** hafa leyfi til að heimsækja hvern íbúa daglega.
- Börn undir 18 ára hafa **ekki** leyfi til að koma í heimsókn.
- Íbúum er áfram heimilt að fara út í garð og í gönguferðir með sínum nánustu, en einnig er heimilt að fara með íbúa út af heimilinu í bílferðir eða heimsóknir. Munið 20 manna fjöldatakmarkanir sem eru í gildi í samfélaginu, **en neyðarstjórn Hrafnistu mælir eindregið með að íbúar fari ekki í heimsókn í svo stóra hópa.**

Munið að sýna ýtrustu varkárni og virða sóttvarnaráðstafanir í heimsóknum. Við þurfum öll að hafa í huga persónulegar sýkingavarnir s.s. handþvott og handsprittun. Minnum á að dæmin sýna að bólusettir geta líka smitast af Covid og smitað aðra.

Neðan greindar reglur eru óbreyttar:

Hrafnistuheimilin opin fyrir heimsóknir alla daga frá kl 13:00 – 20:00.

- Munið að spritta hendur við komu og áður en þið yfirgefið heimilið.
- Allir gestir þurfa að koma með andlitsgrímu (maska). Óheimilt er að koma með taugrímu.
- Vinsamlega farið beint inn á herbergi íbúa, ekki stoppa og spjalla á leiðinni. Ef íbúi er ekki inni á herbergi þá biðjið þið starfsfólk að sækja hann, ekki gera það sjálf.
- **ALLS EKKI ER HEIMILT** að nýta setustofur og borðstofur eininga/deilda til heimsókna.
- Virðið 2ja metra regluna í samskiptum við starfsfólk.
- **Undanþága frá reglum um fjölda í heimsókn hverju sinn þ.e. 2 í einu, er aðeins veitt við mikil veikindi íbúa og þarf leyfi frá vaktstjóra deildar.**

Vinsamlega **EKKI** koma inn á Hrafnistu ef:

- Þú ert í sóttkví eða einangrun.
- Þú bíður eftir niðurstöðu úr sýnatöku.
- Þú ert með flensulík einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).
- Þú varst erlendis fyrir minna en 10 dögum.
 - **ATHUGIÐ: Ef gestir eru að koma erlendis frá og hafa fengið 2 bólusetningar eða Covid er mikilvægt að hafa samband við stjórnanda heimilisins og fara yfir málin áður en komið er í heimsókn**

*Með vinsemd og virðingu,
Neyðarstjórn Hrafnistu*